



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

42. ÁRG. 2. TBL. Aðventa og jól 2022



Seljakirkja roðagyllt - mynd: Vígðís Pálsdóttir

Kynnið ykkur fjölbreytta dagskrá um aðventu og jól í Seljakirkju

Þær eru dýrmætar samverustundirnar sem við eigum í kirkjunni á aðventu og jólum. Það voru því margir sem fundu hvað það var mikið frá þeim tekið síðustu tvö ár þegar ekki mátti koma saman á þessum árstíma og kirkjan að mestu lokuð. En nú horfum við fram á bjartari tíð í þessum eignum. Aðventu- og jóladagskrá Seljakirkju er fjölbreytt og öll gerð til þess að minna á þann fögnuð sem jólahátíðin færir okkur; barnið sem fæddist í Betlehem og lagt var í jötu og átti eftir að hafa meiri áhrif á heiminn en nokkur annar sem

stigið hefur fæti á jarðkringluna. Og til að fagna fæðingu frelsarans halda kristnir menn jól. Og nú loks koma helgar tíðir þar sem við getum komið saman, notið jólaboðskaparins og upplifað helgi og hátíðleika jólnum fylgir.

Við skulum því njóta þeirrar dagskrár sem í boði er í kirkjunni nú á aðventunni og helgum jólum og minna okkur á það sem mestu máli skiptir á jólum. Það er nefnilega svo lítið varið í afmælisveislu ef afmælisbarnið vantar.

Ólafur Jóhann Borgþórsson.

Loksins koma jól

Nýr prestur í Seljakirkju

Þann 1. september síðastliðinn tók séra Sigurður Már Hannesson við starfi prests í Seljakirkju. Tók hann við starfinu af sr. Bryndísi Möllu Elíðóttur sem var útvalin til að gegna starfi prófests í Reykjavíkurbíofastsdæmi eystra. Sr. Sigurður Már útskrifaðist með mag. theol. próf frá Háskóla Íslands vorið 2020.

Hann var vígður til prestsþjónustu hjá Kristilegu skólahreyfingunni í mars 2021. Einnig vann hann að ýmsum verkefnum fyrir KFUM og KFUK. Samhliða starfi sínu hjá Kristilegu skólahreyfingunni sinnti hann afleysingum í Laugardalsprestakalli síðastliðið vor. Eiginkona sr. Sigurðar Mús er Heiðís Haukdal Reynisdóttir,



verkefnastjóri í rafrænum kennslumálum hjá Háskóla Íslands. Þau eiga eina dóttur. Sr. Sigurður Már er boðinn velkominn til starfa um leið og sr. Bryndísi Möllu eru þökkun góð störf síðastliðin átta ár fyrir söfnuðinn.

Fyrsti sunnudagur í aðventu:

Aðventukvöld á hátíðlegum nótum: barnakórar, kirkjukór, Páll Rósinkranz og Bjarni Fritzson



Á fyrsta sunnudegi í aðventu, verður helgihald með hefðbundnu sniði. Að kveldi dags, kl. 20, verður aðventukvöld með sínum hátíðlega blæ. Kór Seljakirkju, barnakórar Seljakirkju og Seljaskóla, og Páll Rósinkranz munu flytja tónlist sem hæfa



árstímanum við undirleik organistans Sveins Arnars Sæmundssonar. Þá mun ÍR - ingurinn og rithöfundurinn Bjarni Fritzson flytja aðventu-hugvekju. Í lok stundarinnar verður kveikt á aðventuljósum í myrkvaðri kirkjunni.



Fréttir

Hjálparhönd Seljakirkju

Allt frá stofnun Seljasóknar hefur kirkjan haldið úti líknarsjóði sem hefur þann tilgang að styðja við fólk í hverfinu sem býr við skort og þarf takast á við tímabundna erfiðleika. Nú hefur verið ákveðið að gefa líknarsjóðnum nýtt nafn: **Hjálparhönd Seljakirkju**, en tilgangur sjóðsins er sá sami. Sjóðurinn byggir að mestu á framlögum frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Margir hafa lagt sjóðnum lið í gegnum árin og einfaldast er að gera það með því að millifæra inn á reikning: **319 - 13 - 301510, kt. 651180 - 0319.**

Kvenfélag Seljasóknar gaf söfnuðinum nýjar sálmaþækur

Við guðsþjónustu þann 13. nóvember síðastliðinn voru teknar í notkun nýjar sálmaþækur Þjóðkirkjunnar. Nýja sálmaþækin leysir af hólmi sálmaþækina sem hefur verið notuð allt frá árinu 1972. Bókin er mjög vönduð og hefur að geyma 811 sálma, sem hafa verið ortir á síðastliðnum áttahundrað árum. Kvenfélag Seljasóknar gaf Seljakirkju sálmaþækina sem mun verða notuð við helgihald kirkjunnar um mörg ókomin ár. Kvenfélaginu eru færðar einlægar þakkir fyrir þækurnar og allar þær dýrmætu gjafir sem félagið hefur fært kirkjunni í gegnum árin.

Annar sunnudagur í aðventu:

Seljurnar syngja í messu og aðventutónleikar með Stefáni Hilmarssyni

Á öðrum sunnudegi í aðventu, 4. desember, verður barnaguðsþjónusta kl. 11 og guðsþjónusta kl. 13 þar sem Seljurnar, kór Kvenfélags Seljasóknar, munu leiða safnaðarsöng undir stjórn Svövu Kristínar Ingólfsdóttur. Þennan sama dag, kl. 17, verða styrktartónleikar

fyrir Hjálparhönd Seljakirkju. Þar mun hinn góðkunni söngvari, Stefán Hilmarsson flytja aðventu- og jólatónlist við undirleik Þóris Úlfarssonar. Aðgangur er ókeypis á tónleikana en tekið verður við frjálsum framlögum til Hjálparhandar Seljakirkju.



Biskup Íslands og Eypór Ingi á menningarvöku eldri borgara

Síðasta menningarkvöld eldri borgara á þessu ári verður þriðjudaginn 29. nóvember, kl. 18. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir mun hefja stundina með helgistund og í

kjölfarið mun söngvarinn og skemmtikrafturinn Eypór Ingi Gunnlaugsson stíga á stökk. Að lokinni dagskrá verður gengið til hátíðarmálsverðar að hætti Lárusar

Lofssonar. Kostnaður er 2.500 kr. og mikilvægt er að tilkynna þátttöku í síma kirkjunnar 567 0110 eða á netfangið seljakirkja@kirkjan.is

Þriðji sunnudagur í aðventu:

Aðventutónleikar með Karlakórnum Fóstbræðrum



Á þriðja sunnudegi aðventunnar, þann 11. desember, verður helgihaldið með hefðbundnu sniði.

Hinir árlegu aðventutónleikar karlakórsins Fóstbræðra verða kl 17.

Kórinn syngur sem fyrr undir stjórn Árna Harðarsonar en einsöngvari að þessu sinni er **Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, sópransöngkona**. Undirleikari er

Sveinn Arnar Sæmundsson og sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson flytur hugvekjju.

Enginn aðgangseyrir er á tónleikana.



18. desember 4. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Jólaball sunnudagaskólans
kl. 13	Guðsþjónusta Sr. Sigurður Már Hannesson predikar. Kór Seljakirkju syngur.

24. desember aðfangadagur jóla

kl. 11	Guðsþjónusta í Seljahlíð Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar. Félagar úr Gerðubergskórnum syngja.
kl. 15	Beðið eftir jólnum Jólastund fyrir börnin. Barnakór Seljakirkju syngur undir stjórn Rósalindar Gísladóttur.
kl. 18	Aftansöngur Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar. Kór Seljakirkju syngur.
kl. 23:30	Miðnæturguðsþjónusta Sr. Sigurður Már Hannesson prédikar. Schola Cantorum syngur.

25. desember jóladagur

kl. 14	Hátíðarguðsþjónusta Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar. Kór Seljakirkju syngur.
--------	---

31. desember gamlársgdagur

kl. 17	Aftansöngur (<i>athugið breyttan tíma</i>) Sr. Sigurður Már Hannesson prédikar. Kór Seljakirkju syngur
--------	--

1. janúar nýársdagur

kl. 14	Guðsþjónusta - Altarisganga Sr. Sigurður Már Hannesson prédikar. Kór Seljakirkju syngur.
--------	--

8. janúar

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 13	Guðsþjónusta Sr. Sigurður Már Hannesson prédikar. Kór Seljakirkju syngur.

Nóttin var sú ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein,
það er nú heimsins þrautarmein
að þekkja' hann ei sem bæri.
:: Með vísnaðing ég vögguna þína hræri. ::

Í Betlehem var það barnið fætt,
sem best hefur andar sárin grætt,
svo hafa englar um það rætt
sem endurlausnarinn væri.
:: Með vísnaðing ég vögguna þína hræri. ::

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann,
þó lausnarinn heimsins væri.
:: Með vísnaðing ég vögguna þína hræri. ::

Lofið og dýrð á himnum hátt
honum með englum syngjum þrátt,
friður á jörðu og fengin sátt,
fagni því menn sem bæri.
:: Með vísnaðing ég vögguna þína hræri. ::

Þér gjöri' eg ei rúm með grjótt né tré,
gjarnan læt ég hitt í té,
vil ég mitt hjartað vaggan sé,
vertu nú hér, minn kæri.
:: Með vísnaðing ég vögguna þína hræri. ::

Umbúð verður engin hér
önnur en sú þú færðir mér,
hreina trúna að höfði þér
fyrir hægán koddann færi.
:: Með vísnaðing ég vögguna þína hræri. ::

Á þig breiðist elskan sæt,
af öllum huga' eg syndir græt,
fyrir iðran verður hún mjúk og mæt,
miður en þér þó bæri.

:: Með vísnaðing ég vögguna þína hræri.

Einar Sigurðsson - sb. 30



Safnaðartiðindi Seljasóknar
42. árg. 2. tbl. Aðventa og jól 2022

Seljakirkja
Hagasei 40, 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Forsíðumynd: Vigdís Pálsdóttir
Prentun: Svansprent.
Upplag: 3000 eintök.